

Móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku

Í reglugerð númer 654 frá árinu 2009 er kveðið á um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku, þ.e. nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku, til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Skulu framhaldsskólar setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í reglugerðinni er jafnframt kveðið á um tilhögun námsins og um námsmat.

Leiðarljós Menntaskólans í Reykjavík þegar kemur að kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku er að efla málskilning þeirra og fá þá til að taka virkan þátt í skólasamfélaginu. Megineinkenni skólans er bekkjarkerfi og oft myndast sterk félagsleg tengsl milli nemenda. Þessi tengsl reynum við að nýta og vinnum þar eftir hugmyndafræði sem kennd hefur verið við gagnkvæma aðlögun.

Móttökuáætlun Menntaskólans í Reykjavík byggist á reglugerð þeirri sem tiltekin var hér að ofan og sérstöðu skólans sem einkum felst í bekkjarkerfinu þar sem reynt er að hagnýta gæði hinna nánu tengsla.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er ríkuleg áhersla lögð á að nemendur með annað tungumál en íslensku eigi greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjöf. Við MR starfar teymi sem heldur utan um málefni þessara nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í því sitja námsráðgjafi, fagstjóri í íslensku og kennari sá er annast kennslu íslensku sem annars máls. Teymið hittist í byrjun hvers skólaárs. Áður en námið hefst kannar námsráðgjafi bakgrunn nemenda og safnar saman upplýsingum er lúta að náms- og félagslegri stöðu þeirra. Þessi vinna er unnin í samstarfi við grunnskólana enda markmiðið að mynda trausta brú milli skólastiganna.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku eru tryggðir stoðtímar í íslensku og leitast er við að nemendur fylgi námsefni síns bekkjar svo fremi sem því verði komið við. Stoðtímar eru skipulagðir í upphafi hvers skólaárs og eru að stórum hluta einstaklingsmiðaðir og sniðnir að þörfum hópsins hverju sinni. Í þeim er reynt að treysta málkunnáttu og hugtakaskilning með það fyrir augum að styrkja nemendurna til frekara náms.

Í sumum tilvikum metur Menntaskólinn í Reykjavík móðurmál nemenda til eininga í stað annars erlends tungumáls. Áhersla er á að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu enda traust undirstaða í móðurmáli mikilvægur grunnur þegar kemur að námi í öðrum tungumálum.